



Lögboðin ábyrgðartrygging farsala og flutningsaðila

Vátryggingarskilmálar nr. AA26

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AA26.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Vátrygging þessi er samkvæmt 4. mgr. 145. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 2. gr. laga nr. 74/1998 og reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Vátryggingarfjárhæð
9. Eigin áhætta
10. Endurkrafa
11. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
12. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
13. Staða tjónþola við tjón
14. Meðferð bótakrafna
15. Lok vátryggingar
16. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir innan íslenskrar lögsögu.

3. Ábyrgðartími

- 3.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 3.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrir en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.

- 3.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á vátryggingartímabilinu.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Tjón er leiðir af bótaábyrgð vátryggðs og hlýst af því að farþegi slasast eða lætur lífið eða farangur týnist eða skemmist meðan stendur á ferð þess skips sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun og vátryggður sem farsali eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 um flutning á farþegum og farangri og IX. kafla sömu laga um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar. Með sömu skilyrðum er vátryggt gegn bótaskyldu sem stafar af seinkun í sambandi við flutning á farþega eða farangri. Vátryggingin gildir einnig um flutning milli skips og lands, enda sé þessi flutningur innifalinn í fargjaldinu eða flutningurinn fer fram með farartæki sem farsali leggur til.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.2 Tjón sem vátryggður tekur á sig ef ábyrgðin er víðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem farsala eða flutningsaðila.
- 4.3 Sektir og önnur viðurlög sem falla á vátryggðan.
- 4.4 Tjón sem verður áður en farþegi stígur á skipsfjöl og eftir þann tíma að hann er farinn frá borði.
- 4.5 Tjón sem annar aðili en vátryggður, er annast hluta flutnings samkvæmt farmsamningi, ber ábyrgð á.
- 4.6 Tjón á lifandi dýrum sem flutt eru sem farangur.
- 4.7 Tjón eða tap á peningum, verðbréfum eða öðrum verðmætum, t.d. gulli, silfri, úrum, gimsteinum, skartgripum eða listmunum, nema farsali hafi tekið við þeim til öryggisgeymslu.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:



- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Greiðsla iðgjalds

- 6.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda váttryggingarfjárhæð.

8. Váttryggingarfjárhæð

- 8.1 Ábyrgð félagsins takmarkast við váttryggingarfjárhæð þá sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að váttryggður stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem váttryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til.
- 8.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

9. Eigin áhætta

- 9.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.
- 9.2 Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola.

10. Endurkrafa

Félagið á endurkröfurétt á hendur váttryggðum hafi félagið greitt bætur samkvæmt gr. 15.2 eftir að váttrygging hefur fallið niður.

11. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

12. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 12.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti hlutar á tjónsdegi.
 - 12.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við hlutinn sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn sem skemmdist þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
 - 12.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við hlutinn sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
 - 12.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti hans eftir váttryggingaratburð.
 - 12.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- ## 13. Staða tjónþola við tjón
- 13.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
 - 13.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
 - 13.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
 - 13.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



14. Meðferð bótakrafna

- 14.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 14.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

15. Lok vátryggingar

- 15.1 Vátryggingin fellur niður þegar leyfisskírteini vátryggðs til farþegaflutninga fellur úr gildi eða hæfærisskírteini skipsins er ekki gilt.
- 15.2 Enda þótt vátryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola á hverju tjóni

sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti vátryggingartaka og Siglingastofnun Íslands að vátryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir þennan frest. Renni leyfisskírteini til farþegaflutninga út innan fjögurra vikna frestsins ber félagið þó einungis ábyrgð til þess tíma.

16. Fyrning

Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu sjókrafna, sbr. XII. kafla siglingalaga nr. 34/1985.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.